

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur um stöðugildi lækna og hjúkrunarfræðinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg voru stöðugildi lækna og hjúkrunarfræðinga árin 2017–2022? Svar óskast sundurliðað eftir heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, öldrunarheimilum og öðrum heilbrigðisstofnunum.*
2. *Í hversu mörgum þessara stöðugilda var fastráðið starfsfólk á sama bili? Svar óskast sundurliðað eftir læknum og hjúkrunarfræðingum.*
3. *Í hversu mörgum þessara stöðugilda var lausráðið starfsfólk eða verktakar á sama bili? Svar óskast sundurliðað eftir læknum og hjúkrunarfræðingum.*
4. *Hversu mörg þessara stöðugilda voru ómönnuð á sama bili? Svar óskast sundurliðað eftir læknum og hjúkrunarfræðingum.*
5. *Í hversu mörgum þessara stöðugilda voru nemar á sama bili? Svar óskast sundurliðað eftir læknum og hjúkrunarfræðingum.*

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir framangreindum upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE), Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST), Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU), Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS), Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK). Þá óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Sjúkra-tryggingum Íslands (SÍ) vegna þeirra aðila sem starfa samkvæmt samningi við SÍ. Svör bárust ekki frá öllum framangreindum aðilum.

Eftir yfirferð á gögnunum varð ráðuneytinu ljóst að til að svara fyrirspurninni þyrfti að ráðast í mikla greiningarvinnu og ítarlega staðlaða upplýsingaöflun frá heilbrigðisstofnunum. Er það mat ráðuneytisins að vinna við að ljúka fyrirspurninni sé umfram það sem lagt sé til grundvallar í 57. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Umfang vinnu við að svara fyrirspurninni sé þess eðlis að það eigi fremur við um skýrslu skv. 54. gr. þingskapalaga.

Umfangsmikil vinna í heilbrigðisráðuneytinu er þegar hafin við mönnunargreiningu þvert á heilbrigðiskerfið, sem miðar að því að móta framtíðarsýn ráðuneytisins um gögn og greiningar, ná yfirsýn yfir mönnun heilbrigðisstétta og undirbyggja mönnunarátætlun til framtíðar. Niðurstaða þeirrar greiningar mun í framtíðinni aðstoða við að svara þingfyrirspurnum sem þessum.

Þá hefur ráðherra nú sett af stað umfangsmikið verkefni um framtíð lækniþjónustu á Íslandi, sem verður unnið í nánu samstarfi við haghafa.